

Ed. **458. Frumvarp til laga** [247. mál]
um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

1. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, sem út kunna að verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.